

123

1. n.óv.

G J A L D S K R Á

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. Raforka.

Rafmagnsveita Reykjavíkur skal selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

- A. Lýsing.** Þar sem orkan er aðallega notuð til lýsingar skal hún seld:
1. Um kilowattstundamæli (kwh-mæli) fyrir 40 aura hver kilowattstund (kwh).
Við þessu gjaldi skal og selja hverskonar rafmagnsnotkun, sem kemst ekki undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
 2. Um hemla eða hemilmæla (umframorkumæla) á 55 kr. hvert hektowatt (hw). Skal hemilstillingin ávallt standa á heilu hw og bil milli tveggja stillinga eigi vera minna en 20% af gildi neðri stillingarinnar.
Sé hemilmælir notaður skal umframorkan seld samkvæmt gjaldskrárlið A 1.
 3. Í skrifstofur, verðlanir og verkstæði má selja lýsingu um kwh-mæli fyrir 10 aura á kwh, auk fastagjalds af hverjum ferm. gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, er reiknast þannig:

| | |
|----------------------------|--------------|
| 0— 25 m ² | 50 kr. á ári |
| 25— 45 — | 80 — — — |
| 45— 65 — | 110 — — — |
| 65— 85 — | 140 — — — |
| 85—105 — | 170 — — — |
| 105—125 — | 200 — — — |
| 125—165 — | 260 — — — |
| 165—205 — | 320 — — — |

- o. s. frv.
4. Útilýsingu, auglýsingaljós o. þ. h. lýsingu má selja um kwh-mæli á 25 aura á hverja kwh, fyrir alla notkun, er samsvarar 600 stunda notkunartíma, og 10 aura fyrir hverja kwh þar fram yfir.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar. Þar sem orkan er aðallega notuð til suðu eða hitunar á heimilum má selja hana:

1. Um tvenna mæla, annan til ljósa, hinn til suðu eða hitunar. Á ljósamælinn reiknast ljósagjald samkvæmt A 1, á hinn mælinn 10 aurar á kwh.
2. Um einn mæli á 45 aura á kwh fyrir 36 fyrstu kwh ársnotkun á hvert herbergi íbúðar, og 25 aura á kwh fyrir alla notkun þar fram yfir.
3. Um einn kwh-mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 7 aura hver kwh fyrir 1500 fyrstu kwh og 4 aura hver kwh fyrir alla notkun umfram, og auk þess skal greiða fastagjald 12 kr. á ári fyrir hvert íbúðarherbergi heimilisins.
4. Um einn kwh-mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 6 aura hver kwh, og auk þess fastagjald 15 kr. á ári fyrir hvert íbúðarherbergi heimilisins.

Ársleiga af einum mæli er innifalinn í fastagjaldinu eftir taxa samkvæmt B 3 og B 4.

Skilyrði fyrir sölu samkvæmt gjaldskrárliðum B 3 og B 4 eru:

- a. Að í íbúðinni sé notuð rafmagnseldavél með að minnsta kosti 2 suðuhellum, enda sé önnur þeirra ekki minni en 1500 wött, og með steikarofni, nema um einhleypingsíbúðir með sérsmæli sé að ræða, eða sérstakar íbúðir án eldhúss, eða

- b. að í þess stað ábyrgist notandi 1500 hwh. minnstu notkun rafmagns á ári. Í einhleypingsíbúðum með sérmæli, eða sérstökum íbúðum án eldhúss, þarf eigi ofanskráð skilyrði um steikarofn, og ábyrgðin um minnstu notkun þarf eigi að vera hærri en 600 kwh á ári. 1. nóv. 123
5. Um heimamæla á 300 kr. hvert árskw, og auk þess 10 aura á kwh fyrir umframnotkun, nema þar sem rafmagnseldavél er notuð á sama hátt og skilyrði er sett fyrir gjaldskrárliðum B 3 og B 4, þar skal reikna umframnotkun á 7 aura kwh. Hemilstillingin skal vera minnst 500 wött að viðbættum 100 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi fram yfir tvö.
- Í útreikningi á fjölda herbergja íbúðar skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús, baðherbergi, göng eða geymslur.
- Borðstofueldhús skal telja sem herbergi. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærri en 25 m² sem tvö.

C. Vélar. Þar sem raforkan er notuð til vélareksturs skal bún seld:

1. Um kwh-mæla á 20 aura á kwh.

Hafi vélarinnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá 30 kr. til 50 kr. á hvert uppsett kw vélanna. Eftir þessum gjaldskrárlið má selja raforku til barna- og unglingskóla, sjúkrahúsa, kirkna og annara þess háttar opinberra stofnana.

2. Um mæla á 120 kr. á kw, mesta notað afl á árinu, og auk þess 5 aurar á notaða kwh.

Sé um eina vél að ræða eða fáar vélar tiltölulega smáar, má reikna aflgjaldið eftir ástimpluðu afli vélanna, og mæla orkunotkunina um einfaldan kwh-mæli.

3. Um hemilmæla á 240 kr. á árskw og 10 aura á kwh öll umframnotkun. Rafmagnsstjóri ákveður stillingu hemil-mælisins í hvert skipti í hlutfalli við vélaaflið.
4. Um tvígjaldsmæla, ef um meira en 5 kw afl er að ræða, og notkunartíminn er meir en 500 klst. á ári, á 40 aura á kwh á ljósatíma, en 10 aura á kwh utan ljósatíma.

Ljósatími skal talinn þessi:

| | |
|-----------------------|------------------------|
| Í apríl | frá kl. 20½ til kl. 22 |
| - sept. og marz | — — 19 — — 22 |
| - okt. og febr. | — — 17½ — — 22 |
| - nóv. og jan. | — — 16 — — 22 |
| - desember | — — 15 — — 22 |

Ef ársnotkunin er meiri en 20000 kwh má veita afslátt á notkun utan ljósatíma, þannig:

| | |
|--|-----|
| Fyrir fyrstu 20 000 kwh utan ljósatíma afsláttur | 0 |
| — næstu 20 000 — — — — | 10% |
| — — 60 000 — — — — | 20% |
| — — 100 000 — — — — | 30% |
| — — 300 000 — — — — | 40% |
| og notkun þar yfir — — — — | 50% |

Selja má rafmagn samkvæmt þessum gjaldskrárlið til verzlana, í skrifstofur o. þ. h., ef ársnotkun nemur 10000 kwh eða meiru.

Sé ársnotkunin yfir 1000000 kwh og notkunartími yfir 2000 klst. á ári, má selja samkvæmt gjaldskrárlið þessum, eins og hann er ákveðinn utan ljósatíma.

Þar sem selt er samkvæmt gjaldskrárlið C 3 eða C 4, má tengja ljós notandans við hemilmæli eða tvígjaldsmæli hans.

123 D. Hitun. Þar sem orkan er notuð til hitunar í iðnaði, handiðn eða atvinnurekstri má selja:

1. Um kwh-mæli á 4 aura á kwh, enda sé þá minnsta notkun 10000 kwh á ári.
2. Um hemilmæli samkvæmt gjaldskrárlíð B 3.
3. Um tvígjaldsmæla á 3 aura á kwh frá kl. 23 til kl. 8, og 8 aura á kwh frá kl. 8 til kl. 23.

Við sölu samkvæmt gjaldskrárlíðum D 1 eða D 2 eða D 3 má bæta því skilyrði, að afslátt megi veita, sem því nemi að rafmagnsnotkunin verði eigi dýrari en sambærileg notkun með kolum. Skal þá reikna út afsláttinn um hver áramót eftir á.

E. Umframnotkun. Fyrsta árið sem gjaldskrá þessi er í gildi má selja raforkuna með samningi við notanda um það, að hann ábyrgist að minnsta kosti sömu ársnotkun og ársgreiðslu sem undanfarið ár, en fái auk þess 50% afslátt fyrir alla umframorku.

F. Afgangsorka. Afgangsorku má selja þeim notendum, sem hafa eigi vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi orkusöluna til þeirra, hvenær sem með þarf, að dómi rafmagnsstjóra.

1. Fyrir 100 kwh afl eða meira um kwh-mæli á 5 aura hverja kwh fyrir fyrstu 50000 kwh ársnotkun.
2. Fyrir næstu 50000 kwh ársnotkun má veita afslátt, er nemur 10%, og fyrir næstu 50000 kwh 20% afslátt o. s. frv., allt upp að 40% afslátt fyrir alla notkun umfram 200000 kwh.

G. Þegar sérstaklega stendur á má rafmagnsstjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki bæjarráðs.

H. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögum bæjarráðs.

I. Ef íslensk króna hækkar eða lækkar í hlutfalli við sænska krónu, frá því sem nú er, að 100 s. kr. jafngildi 114.40 isl. kr., er heimilt að lækka eða hækka verð raforkunnar um 0,5% fyrir hvert 1% hlutfallsbreytingu gjaldeyrisins.

II. Mælaleiga.

Rafmagnsstjóri ákveður stærð og gerð mælitækis, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

| Tegund mælitækis: | Ársleiga í krónum | | |
|---|-------------------|---------------|-----------------|
| | upp að 35 amp. | 35—75 amp. | yfir 75 amp. |
| Einfasa mælar, einfasa hemilmælar og hemlar | 6.00 | | |
| Þrífasa eingjaldsmælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar lausir | 12.00 | 18.00 | 24.00 |
| Tvígjaldsmælar, mestumælar | 18.00 | 24.00 | 30.00 |
| Lausar skiptiklukkur einar sér | 6.00 | | |

Af öðrum mælitækjum en sem nefnd eru í töflunni, skal leigan vera sem næst 15% af mælisverðinu, og semur rafmagnsstjóri nánari skrá um leiguna.

Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforkuna.

III. Ýms gjöld.

1. Opnunargjöld. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar komi fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar, 2 kr.

2. Sekt fyrir óleyfileg vör. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, 123 skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn 1. nóv. hefir greitt 2 kr. gjald á skrifstofu Rafmagnsveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast þegar gildi, og skal verðlag á rafmagni samkvæmt gjaldskránni gilda um notkun á rafmagni eftir aflestur mæla um mánaðamótin október—nóvember 1937.

Birtist gjaldskráin til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli, og fellur jafnframt úr gildi gjaldskrá um sama efni frá 24. september 1925.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. nóvember 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

124

19. nóv.

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Austur-Húnavatnssýslu frá 2. apríl 1928.

6. liður 2. gr. breytist þannig, að í stað orðanna „að Bergstöðum“ komi: að Hvammi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir gert samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. nóvember 1937.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

125

27. nóv.

fyrir Fiskiræktar- og veiðifélag Úlfarsár.

1. gr.

Félagið heitir Fiskiræktar- og veiðifélag Úlfarsár. Heimili þess og varnarþing er á Blikastöðum í Mostellssveit.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði í Úlfarsá (Korpúlfsstaðaá) og arð af henni með því:

1. að stunda laxaklak, eða setja seiði í hana,

2. að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn, sameiginlega, á einum stað eða fleiri, ef henta þykir.

3. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiði í Úlfarsá, Hafravatni og Seljadalsá upp að Fossi. Félagsmenn eru allir ábúendur þeirra jarða, er land eiga